

um almennan lífeyrissjóð.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson,
Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Helgi Bergs,
Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að semja frumvarp til laga um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá.

Greinargerð.

Árið 1957 fluttu nokkrir Framsóknarþingmenn tillögu til þingsályktunar um athugun á stofnun almenns lífeyrissjóðs fyrir alla þá landsmenn, sem nytu ekki lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Orðrétt hljóðaði þingsályktunartillagan svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki njóta lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum.“

Ályktun þessi var samþykkt af Alþingi 31. maí 1957. Þann 20. des. 1958 skipaði svo þáverandi félagsmálaráðherra fimm manna nefnd til að framkvæma athugun þá, sem þingsályktunartillagan fjallaði um. Í nefndina voru skipaðir: Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður hennar, Guðmundur J. Guðmundsson verkamaður, Gunnar J. Möller hæstaréttarlögmaður, Ólafur Jóhannesson prófessor og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri. Nefndin leitaði aðstoðar Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Hún aflaði sér ýmissa upplýsinga og fékk auk þess nokkrar umsagnir eða ályktanir stéttasamtaka.

Nefndin skilaði álitinu sínu til ríkisstjórnarinnar í nóvember 1960. Var niðurstaða hennar á þá lund, að hún lagði til, að sett yrði löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn ættu kost á að tryggja sig hjá, enda yrði þar um að ræða viðbótartryggingu við almannatryggingarnar. Jafnframt lagði nefndin til, að unnið yrði að breytingu á hinum sérstöku lífeyrissjóðum, þannig að þeir allir veittu framvegis aðeins viðbótartryggingu við almannatryggingarnar.

Nefndin taldi sig þar með hafa lokið hlutverki sínu, þar eð henni hafði aðeins verið falin athugun á því, hvort tiltækilegt væri að stofna almennan lífeyrissjóð samkvæmt því, er að framan greinir, en hún hafði eigi verið beðin að semja lagafrumvarp um það efni, og var eigi heldur óskað eftir því síðar.

Þar sem ríkisstjórnin hefur eigi til þessa hlutast til um, að samið yrði lagafrumvarp um almennan lífeyrissjóð, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu tímaþætt að leggja mál þetta fyrir Alþingi, enda er það í raun réttari í eðlilegu framhaldi af fyrri ályktun Alþingis og niðurstöðu nefndarinnar. Í tillögu þessari er lagt til, að Alþingi kjósi fimm manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennan lífeyrissjóð, er allir landsmenn eigi kost á að tryggja sig hjá. Er hún í samræmi við niðurstöðu hinnar stjórnskipuðu nefndar frá 1958, að því þó fráskildu, að þar var eigi tekin nein afstaða til þess, hverjum skyldi falið að undirbúa þar um rædda löggjöf.

Flestir munu játa, að öflugar lífeyrissjóðstryggingar séu mjög mikilvægar, enda hefur þeim starfsmannahópum stöðugt fjölgað, sem njóta lífeyristryggingar í sérstökum lífeyrissjóðum, lögboðnum eða samningsbundnum. Það eru óneitanlega mikil hlunnindi fólgin í lífeyri þeim, sem þessir sjóðir greiða, hvort heldur er ellilífeyrir, makalífeyrir eða barnalífeyrir. Slíkir sjóðir veita mönnum mikið öryggi, bæði í ellinni og eins ef fyrirvinna heimilisins fellur frá. Hjá þessum lífeyrissjóðum hefur og átt sér stað fjársöfnun, og með henni hefur verið bætt úr lánsfjárförf. Þar hafa sjóðfélagar átt kost á hagstæðum lánnum til byggingar eigin íbúða. Um gagnsemi lífeyrissjóða þarf því ekki að fjölyrða, enda sést hún gleggst af því, að æ fleiri starfsstéttir leitast við að koma á fót sínum sérstaka lífeyrissjóði. Það verður því varla um það deilt, að það væri út af fyrir sig æskilegt, að allir landsmenn ættu kost á lífeyristryggingu í almennum lífeyrissjóði. Það er ekki alls kostar heppileg þróun, að sjóðmyndanir þessar verði mjög margar eða að sérstakur sjóður verði myndaður fyrir hverja starfsstétt. Slíkt getur leitt til þess, að misrétti skapist og að þeir verði að síðustu út undan í þessu efni, sem að öðru leyti hafa einnig lakasta aðstöðu. En menn hafa verið í vafa um, hvort stofnun slíks almenns lífeyrissjóðs væri framkvæmanleg. Mönnum hefur og verið ljóst, að þar væri við ýmsa tæknilega erfiðleika að etja. En eftir að athugun hefur nú leitt í ljós, að tiltækilegt sé að stofna almennan

lífeyrissjóð, þá er ekki eftir neinu að biða. Þá á hiklaust að stefna að slíkri sjóðsstofnun sem allra fyrst. Af þeim ástæðum er þessi tillaga flutt.

Í álit nefndar þeirrar, er áður getur, er á það bent, að í löggjöf um almennan lífeyrissjóð sé sjálfsagt að gera ráð fyrir nauðsynlegri deildaskiptingu, jafnvel svo, að deildirnar séu með algerlega sjálfstæðan fjárhag. Þar er enn fremur bent á, að varhugavert geti verið að ákveða þegar í stað skilyrðislausu þátttöku allra í sjóðnum, en hins vegar sé svo ástatt um sumar stéttir, að slík skylduþátttaka sé ekki varhugaverð. Gerir nefndin því ráð fyrir, að hinn almenni lífeyrissjóður þyrfti a. m. k. fyrst í stað að byggja á hvoru tveggja, skyldutryggingu, þar sem hún ætti við, en frjálsri tryggingu fyrir þá þegna þjóðfélagsins, sem ekki þætti að svo stöddu fært að skuldbinda til þátttöku í sjóðnum. Öll þessi atriði þarf nefnd, sem löggjöf semur, að kanna rækilega, og verður þá m. a. að hafa í huga, að þátttaka í lífeyrissjóðum hefur aukizt mjög mikið frá því 1960, er umrætt nefndarálit var samið.

Almannatryggingarnar hafa komið að góðu gagni og veitt bæði öldruðu fólki og öryrkjum ómetanlega aðstoð. Þær voru eiginlega í upphafi vísir að almennum lífeyrissjóði, en með almannatryggingalögunum nr. 50/1946 var horfið frá sjóðsmyndun og að niðurrjöfnun. Ástæðan var sú, að talið var, að vegna verðgildisrýrnunar og óstöðugs gengis yrði sjóðurinn um langa framtíð vanmegnugur þess að greiða bætur, sem telja mætti viðunandi fyrir hina tryggðu. Við núverandi aðstæður virðist óhjákvæmilegt að byggja á almannatryggingakerfinu sem grundvelli. Hinum almenna lífeyrissjóði er því ekki ætlað að koma í stað almannatrygginganna, heldur á hann að veita viðbótartryggingu. Með tryggingalöggjöfinni frá síðastliðnu ári er einmitt horfið að þeirri eðlilegu stefnu, að hinir sérstöku lífeyrissjóðir skuli framvegis verða viðbótarsjóðir við almannatryggingarnar, en hingað til hafa þeir ýmist veitt viðbótartryggingu eða komið í stað almannatrygginganna. Með hinum almenna lífeyrissjóði er að því stefnt, að allir landsmenn fái þá aðstöðu, sem þeir einir hafa nú, er njóta tryggingar í sérsjóðum. Honum er með öðrum orðum ætlað sams konar hlutverk og þeim sérstöku lífeyrissjóðum, sem veita viðbótartryggingu við almannatryggingarnar.